

2. gr.

Efnið NANSA SSA, tollskrárnúmer 34.02.09 falli niður úr 1. gr. auglýsingarinnar frá 24. sept. 1970.

3. gr.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 25. maí 1971.

F. h. r.

Björn Hermannsson.

Þorsteinn Ólafsson.

AUGLÝSING**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40, 23. apríl 1968 hefur eftirfarandi verið ákveðið:

1. Hamrahlíð verður aðalbraut, þó þannig, að umferð um hana viki fyrir umferð um Kringlumýrarbraut og Eskitorg.
2. Einstefnuakstur verður á húsagötu Bústaðavegar frá austri til vesturs.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 25. maí 1971.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING**um umferð í Grindavík.**

Að fengnum tillögum hreppsnefndar Grindavíkurhrepps og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Grindavíkarkauptúni.

Akstur að hafnarvog verði aðeins úr **Hafnargötu**, en akstur frá voginni verði aðeins í **Ránargötu**.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, 16. apríl, 1971.

Einar Ingimundarson.